

Samfélagsfræði 10. bekkur 2018 - 2019

Öll kennsla í Grunnskólanum á Hellu byggir á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla. Hæfniviðmið í samfélagsfræði koma fram á blaðsíðum 196 -203 í námsgreinahluta aðalnámskrár grunnskóla frá 2013

http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodres/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/7FC6618E765E116300257B2F003C2817/Attachment/grunnskoli_greinanamskrar_netu_tgafa_2013.pdf

Í stundaskrá skólans er 10. bekk ætlaðar 120 mínútur í viku í samfélagsfræðinni eða því sem nemur 3 almennum kennslustundum..

Kennari er Steinar Tómasson

Markmið og kennsluhættir

Með samfélagsfræðináminu er nemendum gefinn kostur til að þroska hæfni sína til þess að geta átt innihaldsrík samskipti sín á milli og öðlast um leið reynslu í lýðræðislegum vinnubrögðum til þess að skilja umhverfi sitt og samfélag. Nemendur eru aðstoðaðir við að leggja mat á samfélagið og þróun þess frá fortíð til nútíðar. Leitast er við að veita þeim innsýn í mikilvægi umhverfisverndar og verndar þeirra auðlinda sem framtíðarsamfélögin eiga eftir að byggja á.

Hæfniviðmið í samfélagsfræðinnar byggja þremur flokkum þ.e. reynsluheim, hugarheim og félagsheim. Til þess að nálgast þessi atriði, þá er mikilvægt að nemendur:

- 1) öðlist þekkingu á þeim veruleika sem nútíma samfélag byggir á
- 2) öðlist skilning á mikilvægi þess umhverfis sem við lifum í.
- 3) öðlist þekkingu á stöðu sinni og þeim gildum sem ríkja í samskiptum manna í milli.

Námsgögn:

Stuðst er við eftirtaldar námsbækur: **Árið 1918, Um víða veröld, Kortabók handa grunnskólum, ýmsar námsbækur og efni er tengjast viðfangsefninu hverju sinni.** Auk þess fá nemendur verkefni frá kennara sem tengjast viðfangsefninu. Nemendur skulu halda vel utan um verkefni sín og hafa sýningarhæf til kennara þegar þörf er á.

Námsmat:

Kennari metur frammistöðu og námsárangur nemenda með ýmsum hætti. Kennari tekur reglulega saman námsmat sem byggir m.a. á ástundun, vinnubrögðum, heimanámi, samvinnu, verkefnaskilum og almennri frammistöðu nemenda í kennslustundum. Auk þess gangast nemendur undir formleg próf við lok hvernar námsannar.